

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn þriðjudaginn 18. september 2001, kl. 12:15 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson, Ástríður Stefánsdóttir og Salvör Nordal.

1. Vilhjálmur Árnason setti fundinn og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Hann sagði fagnaðarefni að nýjar reglur um stofnunina væru komnar til framkvæmda og mörkuðu þær mikilvæg skil í starfsemi. Stjórnin skipti því næst með sér verkum og var Vilhjálmur einróma kosinn formaður stjórnar.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
3. Ýmis mál frá síðasta fundi kynnt:
 1. Siðfræðistofnun stóð að tveimur málstofum á Kirkjudögum í júní.
 2. Skálholtsfundur var haldinn í maí um *Mannlega reisn í læknisfræði* og tókst hann mjög vel. Ákveðið var að stofna norrænt samstarfsnet um efnið.
 3. Lagt fram bréf til Kristnihátíðarsjóðs þar sem koma fram hugmyndir að verkefnum í siðfræði fyrir sjóðinn.
 4. Umsókn var send til Norfa í byrjun maí um norrænt net um siðfræði og lífvísindi. Sömu samtarfsaðilar og voru í Evrópuverkefninu.
 5. Borist hefur afsvar frá Nordbok vegna þýðingar á *Teologisk Etik*.
 6. Bókin *Teologisk Etik* er tilbúin til prentunar hjá Skálholtsútgáfunni. Rætt um möguleika á að halda málþing í tilefni útgáfunnar.
 7. Lögð fram umsögn um reglugerð um dýratilraunir.
 8. Tveir styrkir fengust úr Nýsköpunarsjóði námsmanna; annars vegar til að undirbúa skoðanakönnun um friðhelgi einkalífsins og hins vegar til að vinna að verkefni í þróunarsíðfræði.
4. Vilhjálmur skýrði frá þeim tíðindum að styrkur hefði fengist úr 5. rammaáætlun Evrópusambandsins fyrir samanburðarrannsóknna á fjórum evrópskum gagnagrunnum á heilbrigðisviði (ELSAGEN). Styrkurinn nemur um 909 þúsund evrum eða um 80 milljónum íslenskra króna. Vonir standa til að verkefnið hefjist í nóvember á þessu ári. Þá var lagt fram bréf til heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir styrk til að halda alþjóðlega ráðstefnu í lok verkefnisins 2004.
5. Siðfræðistofnun hlaut tvo styrki úr markáætlun Rannís um upplýsinga- og umhverfismál. Annars vegar 4 milljónir til verkefnisins *Síðareglur gagnagrunna* og hins vegar 3.5 milljónir til verkefnisins *Forsendur sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi*. Báðir styrkir eru til eins árs.
6. Rætt um fjármál stofnunarinnar og starfsmannamál. Í ljósi styrkja sem stofnunin hefur fengið er ljóst að ráða þarf starfsfólk á næstunni og gera nýjar

áætlanir um fjármál. Forstöðumanni falið að leggja fram slíka áætlun á næsta fundi.

7. Lögð fram þýðing á lögum um danska siðaráðið. Fjallað um hvert markmið íslensks Landsiðaráðs ætti að vera og hvort einblína ætti á siðfræði lífvísinda eins og gert er í danska ráðinu eða hvort verksvið þess ætti að vera víðara. Einnig var fjallað um tengsl ráðsins við Siðfræðistofnun. Vilhjálmí Árnasyni, Páli Hreinssyni og Salvöru Nordal falið að vinna tillögur fyrir næsta fund sem leggja mætti fyrir stjórnvöld.
8. Umsóknarfrestur um starfstengda siðfræði rann út 15. september s.l. og bárust níu umsóknir. Námið hefst á vormisseri.
9. Fjallað um þróunarmál og lögð fram drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Stefnt er að því að leggja tillögur fyrir rektor um þróunarmál Háskólans fyrir áramót og er verkefnið úr nýsköpunarsjóði námsmanna tengt þeim undirbúningi. Fram kom að Siðfræðistofnun tók þátt í málþingi með Hinu húsinu 15. september s.l. í tilefni íslensks dagsverks í framhaldsskólunum í haust um þróunarmál.
10. Rætt um ýmis verkefni framundan:
 1. Stefnt er að Skálholtsfundi í nóvember um stofnfrumurannsóknir.
 2. Kynntar hugmyndir að málþingum með Borgarleikhúsinu fram í desember.
 3. Sigríður Þorgeirsdóttir hefur óskað eftir samvinnu Siðfræðistofnunar um útgáfu ritgerða nema um siðfræði lífvísinda sem unnar voru í námskeiði hennar í vor. Stungið uppá að ritgerðirnar verði gerðar aðgengilegar á heimsíðu stofnunarinnar fyrst um sinn.
 4. Fjallað um heimasíðu Siðfræðistofnunar sem er í undirbúningi. Heimasíðan hefur verið unnin í samvinnu við nýjan heimspekivef heimspeki.hi.is.
 5. Sagt frá tillögu Siðfræðistofnunar að málstofu á Hugvísindasviði sem haldið verður í byrjun nóvember.
 6. Frestur til að senda umsóknir í Kristnihátíðarsjóð rennur út 1. október. Lagðar fram hugmyndir um hugsanlegar umsóknir.
 7. Ævar Kjartansson hjá ríkistúvarpinu sem hefur óskað eftir samstarfi við Siðfræðistofnun um nokkra sunnudagsþætti í vetur.
 8. Viðskiptafræðistofnun hefur óskað eftir samstarfi við Siðfræðistofnun um umsókn í Nordisk Industrifond.
11. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund 6. nóvember kl. 12:15 í Norræna húsinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:30

S.N.